

**30. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
4. apríl 2016 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Stefán Þór Steindórsson fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1509146 - Deilisk. Breiðarsvæði - Breiðargata 8, 8A og 8B

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. sbr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá 12. febrúar til og með 30. mars 2016.

Lagðar fram athugasemdir sem borist hafa við skipulagið.

2. 1512116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að meðfylgjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun dagsett 4.4.2016 verði samþykkt.

Heildarupphæð fjárfestinga og framkvæmda er orðin 513,4 millj.kr í stað 437,4 millj.kr sem samþykktar voru í bæjarstjórn 15.12.2015.

Helstu breytingar varða eftirfarandi:

Búið að bæta við færانlegri kennslustofu.

Endurnýjun á gervigrasi á völlum við Grundaskóla og Brekkubæjarskóla.

Framkvæmd við kirkjugarð.

Bifreið á Höfða.

Ekki fengust styrkir frá ferðamálaráði vegna heitrar laugar við Langsand og aðgerða við útvistarsvæði á Breið.

3. 1601468 - Þjóðvegur í þéttbýli

Sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að senda formlega fyrirspurn til Vegagerðarinnar varðandi Innnesveg og Faxabraut.

4. 1601050 - Vallholt 1, endurnýjun lóðarleigusamnings

Karitas Jónsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að ræða við lóðarhafa og óska eftir að þeir geri grein fyrir hugmyndum sínum um uppbyggingu á lóðunum.

5. 1602244 - Aðalskipulagsbreyting - Vallholt 5

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar á tímabilinu 14.04.2016 til og með 22.04.2016.

6. 1512074 - Þjóðvegur 15 og 15B, lóðaúthlutun undir gróðrarstöð

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirliggjandi drög að samningi um afnot af landi við Þjóðveg 15 við Miðvogslæk.

7. 1603164 - Hestaleiga

Garðyrkjustjóra falið að vinna málið áfram.

8. 1603163 - Söluskúr á Breið

Fyrirspurn Birgis Jóhannessonar um heimild til að staðsetja söluskúr á Breiðina.

Garðyrkjustjóra og byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda.

9. 1604011 - Deilisk. - Sementsreitur.

Lögð fram drög að skipulagslýsingu fyrir skipulag á Sementsreitnum.

10. 1603005 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 14

Einar Brandsson vék af fundi undir þessum lið.

Grenndarkynnt var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 fyrir fasteignaeigendum að Baugalundi 12 og 16. Undirritað samþykki hefur borist frá báðum aðilum. Lagt er til við bæjarstjórn að grenndarkynningin verði samþykkt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.

11. 1604022 - Stígakerfi - hönnun og framkvæmdir

Garðyrkjustjóri fór yfir stöðu mála.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

Einar Brandsson
Rauð Ossur Ólafsson
Káritas Jónsdóttir
Valgerður Ólafsson
Kristín Þórunn Sigurgeirsdóttir
Steðan Þ. Steindórrsson
Sig. P.H.
Halldís Sig. rit